



## World Fellowship Committee 2012 – 2014

Dagana 22. og 23. mars s.l. sótti ég fund World Fellowship Committee í Austin, Texas.

Markmið World Fellowship nefndarinnar er að úthluta námsstyrkjum til kvenna sem búa utan Bandaríkjanna og Kanada en stefna á háskólanám í þessum löndum. Þessir námsstyrkir eru ekki fyrir félagi í DKG.

Nefndarmenn eru tilnefndir af alþjóðaförseta til tveggja ára. Fulltrúar í nefndinni eru fimm og kemur einn frá hverju svæði í Bandaríkjunum og einn frá Evrópu. Ég sit í nefndinni sem fulltrúi Evrópu. Nefndin hittist einu sinni á ári til að fara yfir umsóknir og ákveða hvaða konur hljóta styrk. World Fellowship styrkir hafa verið til síðan 1946 og eru fjármagnaðir með frjálsum framlögum ýmissa aðila.

Fyrir fundinn vorum nefndarkonur búnar að lesa og meta allar umsóknir sem bárust þetta árið. Þetta voru 75 umsóknir frá konum alls staðar að úr heiminum. Þessar konur ætla sér að stunda margskonar nám s.s. menntunarfræði, viðskipti, náttúruvísindi, stærðfræði, tæknifræði, stjórn málafræði og listgreinar svo eitthvað sé nefnt. Það var bæði áhugavert og lærdómsríkt að lesa um persónulega reynslu og sögu þessara kvenna. Allar eru þær að stefna á meistara- eða doktorsnám í bandarrískum og kanadískum háskólum. Við nýttum okkur tæknina og höldum símafund í janúar til að samræma okkur og fara yfir helstu verkefni. Það er mjög gott að halda slíka fundi, sparar mikinn tíma og peninga og vinnan verður markvissari. Á þessum símafundi lögðum við einnig grunn að kynningu fyrir sumarþing hvers landssvæðis. Í Evrópu verður sumarþingið haldið í Amsterdam í ágúst.

Á fundinum í Austin fengum við síðan það skemmtilega verkefni að velja 23 konur frá 22 löndum sem fá úthlutað \$4000,- hver eða samtals \$ 100.200,- Framhaldsstyrk hlutu tíu konur. Því má segja að DKG sé svo sannarlega að hafa áhrif á menntun um allan heim því allir styrkþegar eru að afla sér aukinnar menntunar til að geta síðan snúið heim aftur og haft áhrif í sínu heimalandi.

Í lok fundar var rætt um hvernig nefndarkonur geta kynnt nefndina á væntanlegum svæðisþingum DKG bæði í Bandaríkjunum og Evrópu. Við samræmdum hugmyndir og upplýsingar fyrir sumarþingin, fréttablað DKG, bækling sem gefinn er út til kynningar nefndinni og heimasíðu DKG.

Nefndin setti sér síðan ný markmið fyrir næsta starfsár og eru þau eftirfarandi:

- A. Senda upplýsingar með tölvupósti til allra landssambanda World Fellowship
- B. Kynna starf World Fellowship fyrir félagskonum
- C. Efla fjárhagslegan stuðning við World Fellowship

Fundurinn í Austin var bæði lærdómsríkur og ánægjulegur. Það var skemmtilegt að kynna þessum frábæru konum sem eiga sæti í nefndinni og fá að koma í höfuðstöðvar DKG. Húsið „okkar“ í Austin er glæsilegt og þar má sjá sögu DKG samtakanna í máli og myndum.

Guðbjörg M. Sveinsdóttir, Þetadeild